

Nr. 17-070 S 050 Haukur hvalaskoðun**Farþegi slasast á fæti**

Skipaskr.nr. 1292
 Smíðaður: Reykjavík 1973, eik
 Útgerð: Norðursigling hf
 Stærð: 19 brl. 19,9 bt.
 Mesta lengd: 15,65 m Skráð lengd: 13,66 m
 Breidd: 3,97 m Dýpt: 1,7 m
 Vél: Scania 140 kW, 1984
 Fjöldi skipverja: 2
 Fjöldi farþega: 33



Haukur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. apríl 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. maí 2017 var Haukur í hvalaskoðun með farþega á Skjálfaflóa. Veður: NA 2 m/s og slettur sjór.

Farþegi um borð gekk fram af hækkun (þrepi) á þilfari með þeim afleiðingum að hann hrasaði og missteig sig illa. Í ljós kom að hann hafði ökklabrotnað.



Myndin sýnir þrepíð af aðalþilfari upp á háþilfar

Við rannsókn kom fram:

- að þrepið var mælt 30 cm hátt, sem er nokkru hærra en venjuleg stigaprep (20-25 cm). Fram kom hjá slasaða að hann hefði misreiknað hæðina;
- að engar varúðarmerkingar voru við þrepið;
- að fram kom hjá útgerð að áhafnir ættu að brýna fyrir farþegum að fara varlega um þilför skipa hennar.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.

Sérstök ábending:

Nefndin hvetur útgerðir og skipstjóra að setja áberandi viðvaranir þar sem sambærileg hætta er til staðar.